

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst
var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 20. nóvember 2020

Reykjavík, 15. febrúar 2021

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á umsækjendum	11
5.1. Menntun og framhaldsmenntun	11
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	12
5.2. Reynsla af dómstörfum	12
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	13
5.3. Reynsla af lögmanns- og málflytningsstörfum	14
5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflytningsstörfum – samanburður	14
5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	14
5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	15
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	16
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf	16
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	17
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.	17
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður	18
5.6. Reynsla af stjórnun	18
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður	19
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	19
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	20
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	20
5.9. Sérstök starfshæfni	21
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	21

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirætlum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu	22
5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi	23
6. Niðurstaða dómnefndar	23

1. Umsækjendur

Með bréfi 16. desember 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 20. nóvember 2020 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættið: Jón Finnbjörnsson, landsréttardómari, Ragnheiður Snorradóttir, héraðsdómari, og Símon Sigvaldason, héraðsdómari.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði, þ. á m. Jón Finnbjörnsson sem hefur áður verið skipaður dómari við Landsrétt. Samkvæmt þessu mun dómnefnd leggja mat á hæfni allra þriggja umsækjendanna, enda ekki á valdsviði nefndarinnar að taka afstöðu til framangreindrar ákvörðunar ráðuneytisins.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnáslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt

að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Samkvæmt því hefur dómismálaráðherra sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjanda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjanda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi

reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrir mælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 970/2020 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Þá sé með fjölbreyttri starfsreynslu átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Samkvæmt þessu skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Óskar Sigurðsson og Ragnheiður Harðardóttir ákveðið að víkja sæti í dómnefnd og hafa varamenn þeirra, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Halldór Halldórsson, tekið sæti í nefndinni í þeirra stað. Fyrir sátu í henni Eiríkur Tómasson, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Kristín Benediksdóttir.

Þeim dómnefndarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því. Hinn 5. janúar 2021 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 20. janúar 2021.

Í framangreindri auglýsingu frá 20. nóvember 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Landsrétt upplýsingar um tvo fyrirverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 16. desember 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að nefndin kom fyrst saman fullskipuð á fundi 5. janúar 2021 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur hennar skv. 10. gr. reglna nr. 970/2020 frá þeim degi til 16. febrúar 2021. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 8. febrúar 2021, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 12. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá öllum umsækjendunum þremur og voru gerðar smávægilegar breytingar á fyrirleggjandi umsögn með tilliti til þeirra án þess að niðurstaða hennar breyttist.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Jón Finnbjörnsson er fæddur 22. september 1957 og er því 63 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1983. Að því loknu stundaði hann nám og rannsóknir í sjó- og sjóvátryggingarétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló 1983-1984 og lauk þaðan prófi í sjórétti. Hann stundaði nám og rannsóknir í skaðabóta- og vátryggingarétti við lagadeild Ludwig-Maximilians-háskólans í München 1988-1989. Í janúar til apríl 2013 stundaði hann rannsóknir í réttarsögu við Max-Planck-Institut für europäische Rechtsgeschichte, í sjórétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló frá apríl til nóvember og í réttarsögu í Osló frá nóvember til desember sama ár. Þá hefur hann lagt stund á nám í latínu við Háskóla Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi við embætti yfirborgarfógeta í Reykjavík sumarið

1983, frá hausti 1984 til janúar 1987 og frá október 1989 til janúar 1990. Hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá janúar 1987 til ágúst 1988 og frá júlí 1992 til júní 1993. Hann starfaði sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur frá júlí 1993 til ágúst 1997, þar af var hann settur skrifstofustjóri í fimm mánuði á árinu 1996. Hann var settur héraðsdómari við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, fyrst frá janúar til ágúst 1990 og síðar frá febrúar 1991 til júní 1992, en frá ágúst 1990 til febrúar 1991 var hann settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans í Kópavogi. Þá var hann settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um sex mánaða skeið á árunum 1993-1994 og aftur við Héraðsdóm Reykjaness í sex mánuði 1997-1998. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 1. mars 1998 þar til hann fluttist til Héraðsdóms Reykjavíkur réttum þremur árum síðar. Í ársbyrjun 2018 var hann skipaður dómari við Landsrétt þar sem hann starfaði til mars 2019 en frá þeim tíma hefur hann verið í leyfi. Hann var settur dómari við Hæstarétt í fjórum málum árið 2018. Af aukastörfum má nefna að umsækjandinn var kennari í sjórétti við Stýrimannaskólann í Reykjavík frá janúar 1985 til 1988, 1989-1990 og 1992-1998. Þá sinnti hann stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands árin 1987-1994 þar sem hann kenndi sjórétt, váttryggingarétt og réttarfar auk þess að sjá nokkrum sinnum um raunhæf verkefni. Á árinu 2004 skipulagði hann og kenndi sjóréttarhlutann í faginu alþjóðlegur flutninga- og sjóréttur við sömu deild. Á árunum 1996 og 1997 kenndi hann á þremur námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sem öll tengdust sjórétti, og á nokkrum námskeiðum prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala frá árinu 1987. Umsækjandinn hefur samið námsefni í sjórétti fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík og birt fimm greinar um lögfræði í tímaritum. Þá greinir hann frá átta erindum um lögfræðileg málefni sem hann hefur haldið á árabilinu 1985-2016 á vegum ýmissa félaga og stofnana. Hann var meðstjórnandi og síðar gjaldkeri í stjórn Lögfræðingafélagsins 1985-1988 og formaður Hins íslenska sjóréttarfélags 1989-2012. Hann samdi, ásamt einum öðrum, frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð sem varð að lögum nr. 25/1991. Þá sat hann í nefnd sem samdi frumvarp að nýjum kafla um björgun og björgunarlaun en kaflinn var tekinn upp í siglingalög nr. 34/1985 með lögum nr. 133/1998. Sömu leiðis í nefnd sem vann að frumvarpi til laga um skipsströnd og vogrek. Hann hefur verið formaður Siðaráðs Dómarafélags Íslands frá 2019.

Ragnheiður Snorradóttir er fædd 21. júlí 1965 og er því 55 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1993 og meistaraþrófi í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School) 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám við lagadeild Árósháskóla í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið héraðs og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá skattstjóranum í Reykjavík og starfaði þar til 1994. Á árunum 1994-2007 starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998-2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið 2007. Árin 2007-2010 var hún nefndarmaður að aðalstarfi í yfirskattanefnd. Hún hóf störf á lögmannsstofu 2010 og starfaði þar uns hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013. Samhliða og í tengslum við fyrrgreind stjórnarsýslustörf gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaréttar. Á árunum 2005-2010 var umsækjandinn stundakennari í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst, á árunum 2009-2013 stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands og 2017 og 2019 í réttarfari við sömu deild. Í umsókn sinni greinir hún frá sex ritverkum sínum um lögfræðileg efni, tveimur ritum ásamt meðhöfundum og fjórum fræðigreinum, en bæði ritin og þrjár greinanna eru ritrýndar. Ein þeirra er rituð með rannsóknarstyrk frá Norræna skattransóknaráðinu. Af öðrum aukastörfum umsækjandans má nefna að hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara á árunum 1998-2002, formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013 og átti sæti í Norræna skattransóknaráðinu 1999-2007. Þá samdi hún á árinu 2008, ásamt öðrum nefndarmanni í yfirskattanefnd, frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni.

Símon Sigvaldason er fæddur 31. maí 1962 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1989. Haustið 1989 stundaði hann nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla í refsirétti, sakamálaréttarfari, viðurlaga-
pólitík og réttarsálfræði og lauk prófum í tveimur síðastnefndu greinum. Þá lagði hann stund á nám í bandarísku réttarvörslukerfi við Penn State háskólann í

Pennsylvaníu í Bandaríkjunum haustið 2002. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Á árunum 1990-1992 starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og sem fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík. Hann hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Vesturlands árið 1992 og gegndi því starfi til ársins 1993, þar af var hann settur héraðsdómari við sama embætti sumrin 1992 og 1993. Umsækjandinn var aðstoðarmaður hæstaréttardómara 1993-1995. Hann var deildarsérfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1995-1996 og settur skrifstofustjóri á skrifstofu löggæslu- og dómsmála frá 1996 til síðari hluta árs 1997 þegar hann fór til starfa við EFTA-dómstólinn um fjögurra mánaða skeið. Í upphafi árs 1998 hlaut hann skipun sem saksóknari við embætti ríkissaksóknara. Um mitt það ár var hann skipaður skrifstofustjóri Hæstaréttar og gegndi því embætti til 2004, að undanskildum árunum 2001 og 2002 þegar hann var í leyfi frá störfum. Vorið 2004 var umsækjandinn skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur hann gegnt því embætti síðan. Hann var kosinn dómstjóri dómstólsins 2017. Þá hefur hann verið settur dómari við Hæstarétt frá árinu 2008 í samtals 32 málum. Fór hann með atkvæði í fimm málum, þar af var hann forseti réttarins í tveimur þeirra. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1994-2011, þ.e. í einkamálaréttarfari 1995-2011 og kröfurétti 1995-1998, auk þess að sjá um raunhæf verkefni á árunum 1994-1997. Þá var hann kennari í refsirétti við Lögregluskóla ríkisins 1993-2000, í viðskiptabréfarétti og samningarétti á löggildingarnámskeiði fyrir fasteigna- og skipasala 1994-1996, í viðskiptabréfarétti við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og á löggildingarnámskeiði fyrir verðbréfamiðlara 1997-1998. Í umsókn sinni greinir hann frá sex ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru tvær bækur, tveir bókarkaflar, annar þeirra er ritaður ásamt öðrum, og tvær greinar. Er annar bókarkafllinn og önnur greinin ritrýnd. Þá getur hann um 11 fyrirlestra sem hann hefur flutt um lögfræðileg efni við hin ýmsu tilefni, bæði hérlendis og erlendis. Hann var formaður ritrýningefndar Tímarits Lögréttu, tímarits laganema við Háskólann í Reykjavík, 2005-2007 og þá hefur hann setið í heiðursritnefnd Lögréttu frá árinu 2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa á árunum 1996-2004, átti sæti í prófnefnd, sem

annaðist prófraun fyrir umsækjendur um öflun réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, 1998-2000 og í nefndum dómsmálaráðherra um aðgengi að lagagögnum á veraldarvefnum 1998-1999 og um miðlun lagagagna á netinu 1999-2000. Árið 1999 var hann formaður Norrænu æskulýðsnefndarinnar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Frá árinu 2005 hefur hann verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál, þar af aðalmaður frá 1. nóvember 2020. Árin 2005-2012 átti hann sæti í prófnefnd um réttindi til að verða löggiltur fasteignasali. Umsækjandinn var formaður dómstólaráðs 2006-2017. Árið 2006 var hann fulltrúi dómsmálaráðuneytisins í CEPEJ-nefnd, sérfræðinefnd á vegum Evrópuráðsins um málefni dómstóla og ákærvalds. Hann var skipaður í nefnd dómsmálaráðherra um milliliðalausar sönnunarfærslu í sakamálum 2007 og tók sæti í nefnd ráðherra um milliliðalausar sönnunarfærslu 2010. Hann hefur frá árinu 2007 setið í refsiréttarnefnd sem er sérfræðinefnd á vegum dómsmálaráðherra um refsiréttarleg málefni. Þá var hann árið 2019 skipaður í samráðshóp dómsmálaráðherra um aðgerðir gegn mansali o.fl.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Jón Finnbjörnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Að því loknu stundaði hann nám og rannsóknir í sjó- og sjóvátryggingarétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló á árunum 1983-1984 og lauk þaðan prófi í sjórétti. Hann stundaði síðan nám og rannsóknir í skaðabóta- og vátryggingarétti við lagadeild Ludwig-Maximilians-háskólans í München 1988-1989. Á fyrstu mánuðum ársins 2013 stundaði hann rannsóknir í réttarsögu við Max-Planck-Institut für europäische Rechtsgeschichte, síðan í rúmt hálf ár rannsóknir í sjórétti við Nordisk Institutt for Sjørett í Osló loks rannsóknir í réttarsögu í sömu borg undir lok ársins. Að undanfögnu hefur hann lagt stund á nám í latínu við Háskóla Íslands.

Ragnheiður Snorradóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1993 og meistaraþrófi í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum við lagadeild Árósháskóla.

Símon Sigvaldason lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1989. Haustið 1989 stundaði hann nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla í refsirétti, sakamálaréttarfari, viðurlagapólitík og réttarsálfræði og lauk prófum í tveimur síðastnefndu greinunum. Hann stundaði síðan nám í bandarísku réttarvörslu-kerfi við Penn State háskólann í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum haustið 2002.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Jón* standi fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Hann lauk prófi í sjórétti frá viðurkenndri norrænni rannsóknastofnun að loknu eins misseris námi og stundaði að því búnu rannsóknir við sömu stofnun í annað misseri. Verður þetta hvort tveggja lagt að jöfnu við meistarapróf. Þar að auki hefur hann stundað nám og rannsóknir í lögfræði við erlenda háskóla í nær tvö ár fyrir utan háskólanám í latínu. Næst honum kemur *Ragnheiður* sem lokið hefur meistaraprófi í lögum við erlendan háskóla og lagt stund á frekara háskólanám í lögfræði. Loks *Símon* sem hefur í um eitt ár stundað laganám við erlenda háskóla án próftöku. Jafnframt hafa umsækjendurnir sótt ýmis námskeið að loknu embættisprófi.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Jón Finnbjörnsson starfaði sem fulltrúi við embætti yfirborgarfógeta í Reykjavík af og til á árunum 1983-1990, í samtals tæp þrjú ár. Á árabílinu 1993-1997 var hann fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur, í samtals liðlega þrjú ár. Þá starfaði hann tvisvar sinnum sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara, í fyrra skiptið 1987-1988 og í það síðara 1992-1993, alls í tvö og hálf ár. Hann var þrívægis settur héraðsdómari 1990-1992, 1993-1994 og 1997-1998, í samtals tvö og hálf ár. Hann var skipaður héraðsdómari í mars 1998 og gegndi því embætti til loka ársins 2017. Í ársbyrjun 2018 var hann skipaður dómari við Landsrétt þar sem hann starfaði til mars 2019, en frá þeim tíma hefur hann ekki sinnt dómstörfum þar. Hann hefur verið settur dómari við Hæstarétt í fjórum málum.

Ragnheiður Snorradóttir var skipuð héraðsdómari í ársbyrjun 2013 og hefur gegnt því embætti síðan. Hún hefur aðallega fengist við úrlausn einkamála. Um hálf

árs skeið sinnti hún úrlausn mála sem lúta að aðfarargerðum, gjaldþrotum, nauðungarsölu, matsbeiðnum, fjárskiptum hjóna o.fl.

Símon Sigvaldason starfaði á árunum 1990-1992 sem fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og yfirsakadómarans í Reykjavík, í samtals um eitt og hálf ár. Árið 1992 varð hann fulltrúi við Héraðsdóm Vesturlands og gegndi því starfi í eitt ár, þar af var hann settur héraðsdómari við embættið í skamman tíma 1992 og aftur 1993. Hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara um tveggja ára skeið 1993-1995. Þá starfaði hann sem lögfræðingur við EFTA-dómstólinn í fjóra mánuði 1997. Vorið 2004 var hann skipaður héraðsdómari og hefur hann gegnt því embætti síðan. Hann hefur verið settur dómari við Hæstarétt í 32 málum.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur verulega reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þeir leystu úr málum á eigin ábyrgð. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem fulltrúa eða aðstoðarmanna dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Einn af umsækjendum hefur starfað sem skipaður dómari við Landsrétt, en reynsla af störfum við þann dómstól hlýtur eðli máls samkvæmt að vega þyngra en reynsla af dómstörfum í héraði. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti.

Að öllu þessu virtu telst *Jón* standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti þar sem hann á að baki langan og fjölbreyttan dómaraferil. Hann hefur starfað sem dómari í um 22 og hálf ár, þar af í rúmt ár sem landsréttardómari. Næstur honum kemur *Símon* sem hefur verið héraðsdómari í um 17 ár. Báðir hafa þeir fengist við einkamál jafnt sem sakamál, verið dómarafulltrúar, aðstoðarmenn hæstaréttardómara og tekið eins og að framan greinir sæti í Hæstarétti í einstökum málum. Á eftir þeim kemur *Ragnheiður* sem hefur gegnt embætti héraðsdómara í átta ár og sem fyrr segir aðallega fengist við úrlausn einkamála.

5.3. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

Jón Finnbjörnsson hefur ekki starfað sem lögmaður eða gegnt öðrum málflutningsstörfum.

Ragnheiður Snorradóttir öðlaðist leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Hún starfaði á lögmannsstofu frá því haustið 2010 og fram í ársbyrjun 2013 þar sem hún sinnti einkum ráðgjöf og flutti m.a. tvö mál fyrir héraðsdómi.

Símon Sigvaldason öðlaðist leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Fyrri hluta árs 1998 starfaði hann sem saksóknari við embætti ríkissaksóknara og flutti m.a. sakamál fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

5.3.1. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Tveir umsækjenda hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er litið til þess hversu lengi þeir sinntu þessum störfum og í hve miklum mæli þeir fengust við málflutning fyrir dómi.

Samkvæmt því stendur *Ragnheiður* fremst í þessum matsþætti. Á eftir henni kemur *Símon*. Eins og áður greinir hefur *Jón* ekki fengist við lögmanns- eða málflutningsstörf.

5.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Jón Finnbjörnsson var fulltrúi við embætti yfirborgarfégeta í Reykjavík af og til á árunum 1983-1990, í samtals tæp þrjú ár, þar sem hann fékkst að hluta við stjórnsýslustörf. Þá var hann í fimm mánuði á árinu 1996 settur skrifstofustjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Ragnheiður Snorradóttir starfaði hjá embætti skattstjórans í Reykjavík á árunum 1993 og 1994. Frá þeim tíma og til ársins 2007 starfaði hún á tekju- og laga-skrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998-2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið á árinu 2007. Helstu verkefni

hennar í ráðuneytinu voru samning lagafrumvarpa og reglugerða á sviði tekju- og eignarskatta auk annarra skatta og gjalda. Ennfremur hafði hún umsjón með málum er vörðuðu innheimtu opinberra gjalda og meðferð þjóðlendumála. Hún átti sæti í yfirskattanefnd á árunum 2007-2010 og kvað ásamt öðrum nefndarmönnum upp fjölda úrskurða á því tímabili. Samhliða og í tengslum við fyrrgreind störf gegndi hún formennsku í fjölmörgum stjórnslunefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaréttar. Hún var formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013, en á því tímabili kvað nefndin upp nokkra úrskurði.

Stímon Sigvaldason var fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og síðar bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu á árunum 1990 og 1991 þar sem hann fékkst að hluta við stjórnslustörf. Hann starfaði sem deildarsérfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1995-1996 og var settur skrifstofustjóri í ráðuneytinu 1996-1997. Samhliða þessum störfum gegndi hann formennsku í fjölmörgum stjórnslunefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Þá var hann fyrri hluta ársins 1998 saksóknari við embætti ríkissaksóknara og starfaði síðan sem skrifstofustjóri Hæstaréttar í um fjögur ár á árunum 1998-2004. Hann var formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa á árunum 1996-2004 og formaður dómstólaráðs 2006-2017. Á árabílinu 2005-2020 var hann varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál og tók þar sæti í nokkrum málum, en hefur verið aðalmaður í nefndinni frá 1. nóvember 2020.

5.4.1. Reynsla af stjórnslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnslustörfum. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnslureynslu. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Að þessu virtu stendur *Ragnheiður* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hún starfaði á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í um 13 ár, lengstum sem staðgengill skrifstofustjóra, og átti sæti í yfirséttanefnd um þriggja ára skeið, en á hitt er að líta að viðfangsefni hennar í stjórnáslunni hafa einkum verið á sviði skattaréttar þótt hún hafi fengist við mál á fleiri réttarsviðum í störfum sínum í ráðuneytinu. Næstur henni kemur *Símon*, sem var skrifstofustjóri Hæstaréttar í um fjögur ár, auk þess sem hann starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um tveggja ára skeið, þ. á m. sem skrifstofustjóri, og var um langt árabíl formaður dómstólaráðs og formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa fyrir utan að koma að öðrum störfum á þessu sviði. Þar á eftir fylgir *Jón* sem hefur takmarkaða reynslu af stjórnáslustörfum í samanburði við hina tvo umsækjendurna.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Jón Finnbjörnsson var kennari í sjórétti við Stýrimannaskólann í Reykjavík með stuttum hléum á árunum 1985-1998. Hann sinnti stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands 1987-1994 þar sem hann kenndi sjórétt, vátryggingarétt og réttarfar auk þess að sjá nokkrum sinnum um raunhæf verkefni. Á árinu 2004 skipulagði hann og kenndi sjóréttarhlutann í faginu alþjóðlegur flutninga- og sjóréttur við sömu deild. Þá kenndi hann 1996-1997 á þremur námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands sem öll tengdust sjórétti.

Ragnheiður Snorradóttir var stundakennari í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst á árunum 2005-2010. Árin 2009-2013 var hún stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands og 2017 og 2019 í nokkrum þáttum réttarfars við sömu deild.

Símon Sigvaldason var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í einkamálaréttarfari og kröfurétti á árunum 1994-2011 auk þess að hafa umsjón með raunhæfum verkefnum. Þá kenndi hann refsirétt við Lögregluskóla ríkisins 1993-2000 og viðskiptabréfarétt við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1997-1998.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu á *Símon* að baki mesta og fjölbreyttasta reynslu umsækjenda á því sviði, sem hér um ræðir, en hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fleiri en einni grein lögfræði um langt árabíl. Næstur honum kemur *Jón* og síðan *Ragnheiður*. Þótt kennsluferill þeirra tveggja sé áþekkur þegar á heildina er litið hefur hann fengist við kennslu í fleiri lögfræðigreinum á háskólastigi þar sem kennsla hennar hefur nánast eingöngu verið á sviði skattaréttar.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Jón Finnbjörnsson hefur samið handrit til kennslu í sjórétti, sem birt hefur verið opinberlega á rafrænu formi, þar sem gerð er grein fyrir helstu atriðum á því réttarsviði. Þá hefur hann ritað fimm óritrýndar fræðigreinar um lögfræði á sviði sjóréttar, váttryggingaréttar og skaðabótaréttar. Loks greinir hann í umsókn sinni frá átta erindum um lögfræðileg málefni sem hann hefur haldið á vegum ýmissa félaga og stofnana.

Ragnheiður Snorradóttir hefur samið ritrýnt rit ásamt meðhöfundi, „Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur“, þar sem fjallað er um þær reglur sem gilda um slíka samninga og aðrar skattareglur í Evrópu. Ritið hefur verið endurútgefið og uppfært undir nýju heiti, „Alþjóðlegur skattaréttur“, og jafnframt hefur þriðji höfundurinn bæst við. Í ritinu, sem er ritrýnt, er lýst reglum um tvísköttunarsamninga, evrópskum skattareglum og reglum um gagnkvæm upplýsingaskipti í skattamálum. Þá hefur hún ritað fjórar fræðigreinar um lögfræði, nánar tiltekið á sviði skattaréttar, þar af tvær ásamt meðhöfundi, og eru þrjár þeirra ritrýndar.

Símon Sigvaldason hefur í tveimur ritum, „Dómar um almennt einkamálaréttarfar [1985-2002]“ og „Dómar um almennt einkamálaréttarfar 2003-2012“, tekið saman þá dóma Hæstaréttar þar sem reynir á reglur einkamálaréttarfars á þessum tveimur tímabilum, reifað þá og flokkað með ákveðnum hætti. Þá hefur hann ritað tvo bókarkafla um lögfræðileg efni, þar af annan ásamt meðhöfundi og er hann óritrýndur, en hinn ritrýndur. Að auki hefur hann ritað tvær fræðigreinar um lögfræði og er önnur þeirra ritrýnd. eru fræðiskrif hans einkum á sviði réttarfars. Loks getur hann í umsókn

sinni um 11 fyrirlestra sem hann hefur flutt um lögfræðileg efni við hin ýmsu tilefni, bæði hérlendis og erlendis.

5.5.2.1. *Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður*

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru fræðirit og greinar. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Þess ber þó að gæta í því sambandi að ekki tíðkaðist að ritrýna rit og greinar sem birtust á árum áður. Við matið er ekki aðeins litið til fjölda og umfangs fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda, heldur einnig til fjölbreytni og frumleika í skrifunum, auk þess sem horft er til þess hvort hann hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt, en sá þáttur er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við útgefið efni.

Að þessu virtu standa *Ragnheiður* og *Símon* fremst umsækjenda í þessum þætti mats og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra tveggja. Á eftir þeim kemur *Jón*.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Jón Finnbjörnsson var formaður Hins íslenska sjóréttarfélags á árunum 1989-2012 og hefur verið formaður Siðaráðs Dómarafélags Íslands frá 2019.

Ragnheiður Snorradóttir var staðgengill skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í um níu ár og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið á árinu 2007. Á þeim tíma, sem hún starfaði í ráðuneytinu, gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum. Þá var hún formaður prófnefndar um viðurkennda bókara 1998-2002 og formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013.

Símon Sigvaldason var settur skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á árunum 1996-1997. Hann var skrifstofustjóri Hæstaréttar um fjögurra ára skeið 1998-2004 og hefur verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur frá árinu 2017. Þá var hann formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa 1996-2004 og formaður dómstólaráðs 2006-2017. Að auki hefur hann gegnt formennsku í fjölmörgum nefndum innan stjórn-sýslunnar.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin, þ. á m. hvort þeim hafi fylgt mannaforráð, og hve lengi þeir hafa sinnt þeim störfum.

Að því virtu telst *Símon* ótvírætt standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti. Næstur honum kemur *Ragnheiður* og síðan *Jón*, en reynsla þeirra tveggja síðastnefndu á þessu sviði er tiltölulega lítil í samburði við reynslu *Símonar*.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Jón Finnbjörnsson samdi ásamt einum öðrum frumvarp til laga um skaðsemis-ábyrgð sem varð að lögum nr. 25/1991. Hann sat í nefnd, sem samdi frumvarp að nýjum kafla um björgun og björgunarlaun, en kaflinn var tekinn upp í siglingalög nr. 34/1985 með lögum nr. 133/1998. Einnig átti hann sæti í nefnd sem vann að frumvarpi til laga um skipströnd og vogrek. Þá sat hann í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum 1985-1988.

Ragnheiður Snorradóttir kom að samningu fjölmargra lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún starfaði í fjármálaráðuneytinu, þ. á m. var hún formaður nefnda og átti sæti í enn fleiri nefndum sem höfðu slík verkefni með höndum, einnig fyrir önnur ráðuneyti. Síðar samdi hún ásamt öðrum nefndarmanni í yfirskattanefnd frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni. Þá átti hún sæti í Norræna skattrannsóknaráðinu á árunum 1999-2007.

Símon Sigvaldason hefur frá árinu 2007 átt sæti í refsiréttarnefnd, sem er sérfræðinefnd á vegum dómsmálaráðherra um refsiréttarleg málefni og hefur m.a. það hlutverk að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar um samningu frumvarpa og annarra reglna á sviði refsiréttar. Jafnframt hefur hann setið í fleiri ráðherraskipuðum nefndum, svo sem um aðgengi að lagagögnum á netinu og miðlun þeirra, um millidómstig í sakamálum og um milliliðalaus sönnunarfærslu. Árið 2006 var hann fulltrúi dómsmálaráðuneytisins í sérfræðinefnd á vegum Evrópuráðsins um málefni dómstóla og ákærvalds. Á árunum 1998-2000 átti hann sæti í prófnefnd, sem annaðist

prófraun fyrir umsækjendur um öflun réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, og 2005-2012 í prófnefnd um réttindi til að verða löggiltur fasteignasali. Þá var hann árið 1999 formaður Norrænu æskulýðsnefndarinnar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

5.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti koma til álita þau störf sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnsýslustörfum. Hafi umsækjandi t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, telst *Símon* standa fremstur umsækjenda á þessu sviði. Reynsla þeirra *Jóns* og *Ragnheiðar*, sem að framan greinir, er einnig veruleg, en ekki verður gert upp á milli þeirra tveggja í þessum matsþætti.

5.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir þír umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttar-
dómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendurnir þír greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflytningisstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa.

Að þessu virtu er það niðurstaða dómnefndar að *Jón* og *Símon* standi fremstir í þessum matsþætti, en þeir eiga báðir að baki langan dómaraferil og hafa fengist jöfnum höndum við meðferð einkamála og sakamála. Þá hefur sá fyrrnefndi verið dómari við Landsrétt og komið að kennslu í réttarfari, en sá síðarnefndi kennt réttarfar um árabíl og samið fræðirit á því réttarsviði. Eru ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra tveggja að þessu leyti. Þótt *Ragnheiður* hafi ekki fengist við meðferð sakamála að öðru leyti en því að hún hefur verið meðdómsmaður í fjölskipuðum héraðsdómi og kveðið upp úrskurði sem héraðsdómari á borð við gæsluvarðhaldsúrskurði hefur hún sýnt með framangreindum störfum sínum að hún hefur öðlast mjög gott vald á reglum einkamálaréttarfars.

5.9.2. *Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu*

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinargerðum og stjórnarsýsluúrskurðum hans má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Eins og áður greinir var í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 fundið að því að dómnefnd, sem mat hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara, hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins þeirra til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers hinna þriggja umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst á grundvelli fyrirliggjandi dómsúrlausna þeirra. Ekki hefur aðeins verið horft til dóma, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra úrlausna þeirra, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að af þeim dómsúrlausnum, sem teknar voru til skoðunar, verði ráðið að *Símon* sé færari en aðrir umsækjendur til að semja dóma. Það einkennir þessar úrlausnir hans að þar er oftast nær gerð skilmerkileg grein fyrir málsatvikum og málatilbúnaði aðila auk þess sem gild lögfræðileg rök eru að jafnaði færð fyrir niðurstöðunni hverju sinni. Að mati nefndarinnar standa hinir tveir

umsækjendurnir honum að baki að þessu leyti, en ekki er tilefni til að gera upp á milli hæfni þeirra í þessum matshluta.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómaraströfum og öðrum ströfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa lítur nefndin svo á að allir umsækjendurnir þrír séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti landsréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í ströfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómströfum, lögmanns- og málflutningsströfum og þeim stjórnsýsluströfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um

hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.


Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.8. og 5.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnarsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi allir öðlast þá lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera, og séu vel hæfir til að gegna því embætti. Séu umræddir matsþættir virtir í heild er það álit nefndarinnar að *Símon Sigvaldason* standi þar fremstur umsækjenda, jafnvel þótt tekið sé tillit til þess þegar hæfni umsækjenda er borin saman í þessum matshluta að einn þeirra hefur verið dómari að aðalstarfi nánast allan sinn starfsferil og því hvorki sinnt lögmanns- eða málflutningsstörfum né stjórnarsýslustörfum að neinu ráði. Eins og áður greinir er það jafnframt mat dómnefndar, sbr. kafla 5.9.2., að Símon sé færari en aðrir umsækjendur til að semja dóma.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að Símon sé hæfastur umsækjenda til að gegna stöðu dómara við Landsrétt. Hann hefur mikla reynslu af dómstörfum, ekki aðeins sem héraðsdómari, heldur hefur hann á síðari árum verið settur til að vera dómari í Hæstarétti í fjölmörgum málum. Frá árinu 2017 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur. Einnig hefur hann fjölþætta reynslu af stjórnarsýslustörfum, m.a. verið skrifstofustjóri Hæstaréttar og formaður dómstólaráðs um árabíl. Þá hefur hann sinnt umtalsverðri kennslu við lagadeild Háskóla Íslands og samið tvö fræðirit, auk fræðigreina um lögfræðileg efni. Síðast en ekki síst hefur hann sýnt með störfum sínum sem dómari að hann hefur gott vald jafnt á einkamála- og sakamálaréttarfari og er fær um að leysa úr flóknum lögfræðilegum ágreiningsefnum á greinargóðan og rökstuddan hátt.


Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Símon Sigvaldason sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 20. nóvember 2020.

Reykjavík, 15. febrúar 2021



Eiríkur Tómasson



Guðrún Björk Bjarnadóttir



Halldór Halldórsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Kristín Benediktsdóttir